

Skipulags- og mannvirkjanefnd

Stjórnskipuleg staða

Skipulags- og mannvirkjanefnd heyrir beint undir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar starfar með nefndinni.

Nefndin starfar á umhverfis- og eignasviði sem er undir stjórn bæjartæknifræðing, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar situr fundi skipulags- og mannvirkjanefndar með málfrelsi og tillögurétt með vísan í 5. mgr. greinar 2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Hann fer með verkefni nefndarinnar sbr. lög nr. 160/2010, um mannvirki og skipulagslög nr. 123/2010.

Undir skipulags- og mannvirkjanefnd heyra eignasjóður, slökkvilið, fráveita og vatnsveita.

Skipan nefndarinnar

Í skipulags- og mannvirkjanefnd eiga sæti fimm fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, eftir atvikum. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar eiga bæjarstjóri og forstöðumaður umhverfis- og eignasviðs rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann fyrir nefndina, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar fjallar um skipulagsmál og fer með hlutverk skipulagsnefndar í skilningi 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., sbr. einnig heimild í 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð þróunaráætlana og skipulagstillagna og gerir tillögur til bæjarstjórnar

um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim og um úthlutun lóða og gatnagerða og þjónustugjöld.

Nefndin fylgist með því að stofnanir sem undir hana heyra vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

Nefndin fjallar einnig um fasteignir sveitarfélagsins, nýbyggingar í umboði bæjarstjórnar. Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki.

Helstu verkefni nefndar eru:

- skipulagsmál,
 - aðalskipulag,
 - deiliskipulag,
- umhverfismat, skv. lögum um umhverfismat áætlana og umhverfismat framkvæmda,
- lóðaúthlutanir,
- nýbygging gatna og göngustíga,
- landupplýsingakerfi,
- gerð viðhaldsáætlana,
- þarfagreining vegna nýbygginga sveitarfélagsins,
- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í skipulagsmálum, gatna- holræsa- og vatnslagnagerð og ferlimálum fatlaðra,
- vera bæjarstjórn til ráðgjafar varðandi brunavarnir og rekstur slökkviliðs,
- hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga,
- gera tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir hana heyrir.

Meginhlutverk Skipulags- og mannvirkjanefndar er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin setur forstöðumönnum og starfsmönnum þeirra stofnana sem undir nefndina heyra starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í **IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Nefndin skal halda **gerðabók**. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í fundargerð skal getið **hvar og hvenær** fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal **einstök** mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skal fundargerð **lesin upp og undirrituð** af fundarmönnum. Einnig skal formaður nefndar og einn nefndarmanna setja **upphafsstafi** sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í **tölvu**. Sé það gert skal bóka í gerðabók **númer fundar**, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina **blaðsíðutal** fundargerða. Nefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Fundarmenn fá **afrit** af fundargerð stjórnarinnar í lok fundar.

Formaður og/eða starfsmaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar samkvæmt ákvæðum IV. og VI. kafla sbr. III. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

Skipulags- og mannvirkjanefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði hennar ef

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar skipulags- og mannvirkjanefndar skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í skipulags- og mannvirkjanefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögमत forföll hamli. Skal hann þá boða staðgengil í sinn stað og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag bæjarins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum, hvort heldur þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála, sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Að öðru leiti gildir um hæfi nefndarmanna í Skipulags- og mannvirkjanefnd ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar hverju sinni.

Um hæfi starfsmanna Skipulags- og mannvirkjanefnd gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Starfsmannamál

Nefndin skal fjalla um umsóknir og gefa rökstudda umsögn til bæjarstjóra vegna ráðningar yfirmanna stofnana sem heyra undir nefndina.

Málsmeðferðareglur

Við meðferð mála hjá skipulags- og mannvirkjanefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Skipulags- og mannvirkjanefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum nefndarinnar áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

Ákvörðun skipulags- og mannvirkjanefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða

leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærú- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál

Endurupptaka mála og kærumeðferð

Eftir að skipulags- og mannvirkjanefnd eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun skipulags- og mannvirkjanefndar eða starfsmanna hennar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eða annars æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun skipulags- og mannvirkjanefndar eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar hjá kærunefnd nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal skipulags- og mannvirkjanefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann ...